

FUM Félag um menntarannsóknir

FUNDARGERÐ

aðalfundar 2009

Aðalfundur FUM, Félags um menntarannsóknir, var haldinn fimmtudaginn, 5. mars 2009, kl. 15:30, í stofu H-202 í húsi Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð, Reykjavík.

Formaður, Amalía Björnsdóttir, setti fund, bauð fundargesti velkomna og kynnti dagskrá.

Tekið fyrir:

1. Ársskýrsla félagsins 2008 til 2009.

Formaður dreifði og kynnti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2008 til 2009 (sjá fylgiskjal 1). Hún fjallaði m.a. um fulltrúa í stjórn, markmið félagsins, heimasíðu og póstlista, námskeið sem félagið hélt fyrir rannsóknarfólk, tímaritið og skipun íðorðanefndar. Formaður dreifði ritstjórnarstefnu félagsins, reglum um útgáfu tímaritsins, leiðbeiningum til greinarhöfunda og verkferli við efnisval í ritið og útgáfu.

2. Ársreikningur félagsins 2008.

Gjaldkeri félagsins, Eyrún María Rúnarsdóttir, dreifði rekstraryfirliti FUM fyrir tímabilið 01.01.2008 til 31.12.2008 og gerði grein fyrir stöðu reikningsins (sjá fylgiskjal 2). Staðan í lok árs var kr. 1.564.944. -. Skoðunarmaður reikninga var Hafþór Guðjónsson. Reikningurinn samþykktur.

3. Félagsgjöld.

Formaður flutti tillögu stjórnar um að félagsgjöld yrðu óbreytt næsta ár, eða kr. 3.500.-. Tillagan samþykkt.

4. Kosning stjórnar.

Formaður greindi frá því að þrír stjórnarmenn gengju nú úr stjórn, þau Amalía Björnsdóttir, formaður, Eyrún M. Rúnarsdóttir, gjaldkeri og Sigurjón Mýrdal meðstjórnandi. Áfram sitja Gerður G. Óskarsdóttir, Meyvant Þórólfsson og Sigurlína Davíðsdóttir. Formaður kynnti tillögu stjórnar um að Steinunn Helga Lárusdóttir yrði næsti formaður félagsins. Tillagan samþykkt. Formaður kynnti jafnframt þá tillögu stjórnar að Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við HA og Svanhildur Sverrisdóttir, doktorsnemi tækju sæti í stjórninni og varamenn í stjórn yrðu þeir Grétar Marinósson og Almar M. Halldórsson. Tillagan samþykkt. Loks bar formaður fram þá tillögu að Hafþór Guðjónsson og Amalía Björnsdóttir yrðu skoðunarmenn reikninga. Tillagan samþykkt.

5. Önnur mál.

M.a. rætt um tímaritið og útgáfu þess, námskeið á vegum félagsins og ráðstefnu á næsta ári.

Formaður sleit fundi kl. 16.30 og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar. Fráfarandi formanni og meðstjórnendum þökkuð störf þeirra. Meðvont lagði til að stjórn FUM stofnaði til samráðsfundar með stjórn Félags um starfendarannsóknir. Því var vísað til næsta fundar nýrrar stjórnar.